

# Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

## FUNDARGERÐ

### 24. fundur

Fundur var haldinn í byggingarnefnd Suður-Þingeyinga miðvikudaginn 15. júlí árið 2009. Fundurinn var haldinn hjá Þingeyjarsveit að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13<sup>00</sup>.

Fundinn sátu:

Eiður Árnason, Kristján Stefánsson, Kristján Snæbjörnsson, Helgi Hallsson, Kolbeinn Kjartansson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Erindi frá Gunnari Steinþórssyni, Brekkugötu 36, Akureyri**

Óskað er eftir leyfi til að byggja 14,8 m<sup>2</sup> „potthýsi“ við frístundahús á lóð nr. 7 í landi Skóga. Teikning er unnin af Haraldi Árnasyni.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

2. **Erindi frá Aðalgeir Stefánssyni, Hofsbót 4, Akureyri**

Óskað er eftir leyfi til að byggja frístundahús og tvær geymslur. Flatarmál frístundahúss alls 147,64 m<sup>2</sup>, flatarmál útigeymslu 14,85 m<sup>2</sup> og flatarmál bátaskýlis 40.50 m<sup>2</sup> byggt á Knarrareyri á Flateyjardal, Þingeyjarsveit..

*Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Skipulagsstofnunar á grundvelli 3 tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga og þinglýsingu lóðarréttinda.*

3. **Erindi frá Gunnari Hallgrímssyni og Ragnhildi Jóhannesdóttur, Klambraseli**

Óskað er eftir að breyta skráningu íbúðarhúss á Langavatni í Þingeyjarsveit úr einbýli í gistiheimili.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

4. **Erindi frá Kristjáni Sigtryggssyni, Hellulandi, Aðaldal**

Óskað er eftir leyfi til endurbyggingar hluta fjóss á Hellulandi í Aðaldal.

Byggingarefni steinsteypa og timbur.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

5. **Erindi frá Friðgeiri Sigtryggssyni, Breiðamýri, Reykjadal**

Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir 10 m<sup>2</sup> aðstöðuhús skv. meðfylgjandi uppdrætti og ljósmynd.

*Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að veitt verði stöðuleyfi til eins árs.*

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 15<sup>00</sup>.

Eiður Árnason  
Kolbeinn Kjartansson  
Kristján Snæbjörnsson  
Helgi Hallsson  
Kristján Stefánsson  
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi